

Tillaga til þingsályktunar

um uppbyggingu klasa opinberra fyrirtækja og stofnana.

Flm.: Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir,
Halla Signý Kristjánsdóttir, Jóhann Friðrik Friðriksson,
Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, Þórarinn Ingi Pétursson,
Inga Sæland, Guðmundur Ingi Kristinsson,
Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Jakob Frímann Magnússon,
Eyjólfur Ármannsson, Tómas A. Tómasson,
Sigmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela fjármála- og efnahagsráðherra að skipa starfshóp sem geri tillögu að uppbyggingu klasa opinberra fyrirtækja og stofnana. Markmið starfshópsins verði að koma opinberum fyrirtækjum og stofnunum fyrir á sama stað til þess að ná fram rekstrarlegri hagræðingu og öðrum samlegðaráhrifum. Unnið verði að uppbyggingu slíks klasa í ánu samstarfi við einkaaðila og sveitarfélög. Starfshópurinn skili tillögu sinni fyrir 1. mars 2025.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í fjórða sinn en var síðast lögð fram á 154. löggjafarþingi (133. mál) og er nú endurflutt óbreytt. Umræða um mikilvægi klasasamstarfs hefur farið vaxandi undanfarin ár því að klasar hafa sannað að þeir auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun. Nýta má hugmyndafræði klasasamstarfs til að efla samvinnu opinberra fyrirtækja og stofnana, stuðla að hagræðingu og færa núverandi ástand í þeim málum til betri vegar. Með uppbyggingu opinbers klasa er mögulegt að hagræða enn frekar í ríkisrekstri og bæta skipulag á mörgum sviðum, t.d. í rekstri stofnana. Opinbert klasasamstarf getur aukið framleiðni og nýsköpun og þannig leitt til verðmætasköpunar.

Uppbygging klasa opinberra fyrirtækja og stofnana getur skilað umtalsverðri rekstrarlegri hagræðingu. Gera mátti ráð fyrir 5.000–6.000 m² skrifstofuhúsnæði þar sem ynnu 250–300 starfsmenn nokkurra lítilla opinberra fyrirtækja og stofnana. Með slíkri útfærslu mátti ná fram hagræðingu fyrir þau samlegðaráhrif sem yrðu í rekstri þeirra fyrirtækja og stofnana sem þar væru til húsa. Þar má nefna sameiginlegan rekstur tölvukerfa, móttöku, mötuneytis og húsnæðis.

Heppilegast er að klasi sem þessi verði á slóðum þar sem nýta megi umferðarmannvirki betur, í þeim skilningi að umferð að klasanum verði í gagnstæða átt við mestan umferðarþunga nú svo að takast megi að létta á honum. Þá er rétt að horft verði til staðsetningar þar sem finna megi hágæðaalmenningsamgöngur. Þannig nýttust umferðarmannvirki vel, sem væri stórt umhverfismál. Mælt er til þess að starfshópurinn taki tillit til allra þessara þátta við tillögugerð sína.